



REGLUR HS ORKU HF OG HS VEITNA HF UM UMGENGNI Á VATNSVERNDARSVÆÐUM.

DESEMBER 2009.

Tilgangur reglnanna er að fyrirbyggja óhöpp og/eða að draga úr óæskilegum áhrifum af völdum óhappa sem eiga sér stað á vatnsverndarsvæðum í umsjá HS Orku hf og HS Veitna hf, hér eftir sameiginlega kölluð HS. Þar sem vatnsverndarsvæðin eru að hluta sameiginleg hafa fyrirtækin komið sér saman um þessar reglur í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit. Reglurnar gilda fyrir verktaka á vegum HS sem sinna starfsemi innan vatnsverndarsvæðanna og aðra sem erindi eiga inn á svæðin með vélar og/eða farm sem getur spillt grunnvatni. Varðandi nánari skilgreiningar er vísað er til reglugerðar nr. [796/1999](http://www.ust.is/media/log/r1999-796.pdf) (<http://www.ust.is/media/log/r1999-796.pdf>) um varnir gegn mengun vatns með síðari breytingum.

1. Vatnsverndarsvæði

Aðal vatnstökusvæði HS er á svokölluðu Lágasvæði í Illahrauni. Afmarkast það af Bláalónsvegi að sunnan, Reykjanesvegi að vestan, svæði norðan Seltjarnar að norðan og Grindavíkurvegi að austan. Vatnsverndarsvæðið nær þó yfir stærra svæði sem afmarkast af sýslumörkum að austan.

Vatnsverndarsvæði vegna vatnsveitu í Vogum á Vatnsleysuströnd eru sunnan íbúðabyggðar í Vogum og sunnan Reykjanesbrautar.

Vatnsverndarsvæði vegna vatnsveitu í Garði er á Miðnesheiði og afmarkast af Sandgerðisvegi að sunnan, Sandgerði að vestan, Garði að norðan og Garðvegi að austan.

Vatnsverndarsvæði vegna vatnsveitu í Höfnum er sunnan Hafnavegar.

Vatnsverndarsvæði vegna vatnsveitu Vestmannaeyja er í landi Syðstu-Merkur í Rangárvallarsýslu.

Reglur þessar gilda einnig um borholur sem notaðar eru til vatnstöku, en eru staðsettar utan vatnsverndarsvæða, ásamt öðrum vatnsverndarsvæðum sem eru í umsjá HS. Aðgæsla skal einnig viðhöfð varðandi meðhöndlun á mengandi efnum á þeim svæðum.

2. Tilkynningarskylda

Áður en farið er um afgirt vatnstökusvæði í umsjá HS ber að tilkynna um ferðirnar til hlutaðeigandi vatnsveitu sem mun tryggja viðkomandi fylgd um svæðið:

Svæði	Nafn	Sími
Öll svæði	Á skrifstofu tíma, skiptiborð	422-5200
Suðurnes	Utan skrifstofutíma bakvakt	860-5277
Svartsengi	Á skrifstofutíma, Þórður Andrésson	840-5605
Svartsengi	Utan skrifstofutíma, bakvakt Orkuver	840-5601
Vestmannaeyjar	Gunnar Marmundsson	840-5560,

3. Kröfur vegna vatnsverndarsvæða

Verktökum ber að afla sér starfleyfis hjá viðkomandi heilbrigðiseftirliti vegna vinnu á vatnsverndarsvæði.

Óski viðkomandi vatnsveita þess ber verktaka að senda tæki og bíla sem leið eiga um vatnsverndarsvæðin í eftirlit skv. nánari fyrirmælum.

Sé þess óskað skal verktaki hafa eftirfarandi meðferðis í ökutæki/vél til að bregðast við óhöppum sem snúa að lekum og samsvarandi atvikum á vatnsverndarsvæðum:

- a) lekabyttu/mottu,
- b) ígleypiefni,
- c) skóflu.

Verktaka ber að kynna sér notkunarreglur búnaðarins.

Verktaki skal hafa farsíma eða samsvarandi búnað sem gerir honum kleift að tilkynna tafarlaust um öll óhöpp sem verða á vatnsverndarsvæðum.

Umferð með vatnsspillandi efni er óheimil inn á svæðin nema í undantekningartilvikum og þá með samþykki viðkomandi vatnsveitu og í fylgd starfsmanna hennar. Í slíkum tilvikum skal velja stystu og öruggustu leiðina inn á og út af svæðinu og einungis flytja það magn sem nauðsyn ber til.

Allir verktakar skulu hlíta þessum reglum. Ef verktaki hlítir þeim ekki áskilur verkkaupi (HS Orka eða HS Veitur) sér rétt til þess að rifta verksamningi.

Verktaki skal nota hrein tæki og í góðu ástandi. Hann og verkkaupi (HS Orka eða HS Veitur) hafa eftirlit með að ekki stafi af þeim mengunarhætta, t.d. vegna leka á olíu eða öðrum efnum. Óheimilt er að framkvæma á svæðinu viðgerðir á tækjum sem valdið geta mengun. Áfyllingu olíu og eldsneytis skal jafnan framkvæma utan verndarsvæða. Í þeim tilfellum sem því verður ekki viðkomið skal verktaki áður en framkvæmdir hefjast hafa samráð við umsjónarmann vatnsveitu eða öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisstjóra HS (ÖHU-stjóra HS) varðandi verklag við áfyllingu eldsneytis. Skipti á vélarolíu og vökvakerfum skal framkvæmd utan verndarsvæða. Sjá nánari umfjöllun um olíur og hættuleg efni í „Kröfum HS Orku/HS Veitna til verktaka varðandi öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál“.

Að framkvæmdum loknum skal jarðrask lagfært. Notkun áburðar er óheimil.

4. Viðbrögð við vá

Ef stórfelld eða meiriháttar mengunarslys verða ber samstundis að hafa samband við Neyðarlínu í númer 112 og kallar hún til viðbragðsðila vegna mengunarslysa, svo sem viðkomandi slökkvilið og heilbrigðiseftirlit, auk vatnsveitustjóra/umsjónarmann viðkomandi vatnsveitu og ÖHU-stjóra HS. Unnið skal eftir neyðaráætlun varðandi mengunarslys.

5. Viðbrögð við óhappi á vatnsverndarsvæðum

Ef mengunaróhapp á sér stað ber að grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Koma strax í veg fyrir frekari skaða með þeim búnaði sem er til staðar svo sem:

- a) lekabyttu/mottu,
- b) ígleypiefni,
- c) skóflu.

2. Tilkynna óhappið strax til eftirfarandi aðila, eftir svæðum:

- a) Öll svæði á skrifstofutíma: 422-5200
- b) Suðurnes, bakvakt: 860-5277
- c) Svartsengi, bakvakt: 840-5061
- d) Vestmannaeyjar, bakvakt: 840-5560

3. Hreinsa strax upp allt það efni sem komist hefur í snertingu við jarðveg og eyða á viðurkenndar hátt.

4. Koma ökutækinu/vinnuvélinni strax af svæðinu. Með aðstoð ef á þarf að halda.